


Mannfæð á haustsýningu við Grátmúrinn



fólk í listum


Það er komið haust og bráðum verður kominn vetur. Laufin á trjánum eru sum orðin rauð og gul í framan og tilveran er regn-grá í vöngum. Það sem tekur þó öll tvímæli af um árstíðaskiptin, er að útsölnar eru byrjað-



Skúlpúr eftir Sigurjón Ólafsson.




Ein af myndum Agústs F. Petersens, dæmigerð fyrir manna-myndir hans.



Asgerður Búadóttir sýnir vandaðan, listrænan vefnað sem teljast verður í sérflokk.



Kínastelpa



Frumdrög eftir Kjartansson

ar og haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna hefur verið opnuð almenningi. Það síðarnefnda er eins konar punktur aftan við sumarlanga stöðvun menningarinnar, því veturinn er sá árstími, sem menn sinna listum og vísindum bezt á Íslandi.

Um þátttöku og tilgang

Haustsýning FIM hefur um langt skeið vakið dálitla eftirvæntingu, auk þess sem hún er marktæk um árstíðaskiptin, en ég veit ekki hversu oft hún hefur verið haldin, né heldur hvaða stefnuskrá sýningarnefndinni er ætlað að starfa eftir.

Hjörleifur Sigurðsson, formaður Félags íslenskra myndlistarmanna segir á þessa leið í ávarpi um haustsýninguna:

„Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna er aftur komin í Kjarvalsstaði. Það er féluginu vitaskuld fagnadarefni af ýmsum ástæðum. Fyrst má nefna, að hér gefst rými til að kynna fólk í borginni — og reyndar landinu öllu — stór verk og víðtækt úrval myndlistar þessarar stundar. Í annan stað höfum við jafnan litið svo á, að samtök myndlistarmanna hafi átt nokkurn þátt í byggingu hússins á Miklatúni enda varð viðskilnaður við það um stundarsakir engan veginn sársaukalaus. Nú munu hvorki raktir þræðir né hnútar Kjarvalsstaðadeilunnar. Hún varð að sumu leyti til góðs fyrir myndlistarlíf og framrás þess. Við vonum, að samtök listmanna og stjórnendur Reykjavíkurborgar haldi áfram að styrkja grundvöllinn, sem báðum er hagkvæmur og eðlileg forsenda grósku í listum og menningarmálum. En hver er tilgangur Haustsýningar? Ég nefndi aðalatriðin í þriðju setningunni. Auk þess skulum við jafnan krefjast endurnýjunar og nánari tengsla við stærri hópa og fleiri einstaklinga samfélags okkar.“

Alls bárust sýningarnefndinni um 300 verk og var tæplega helmingur þeirra tekinn á sýninguna, en alls sýna 48 listamenn þarna verk sín og sjö sýna nú í fyrsta skipti á haustsýningu FIM, þeir Ómar Skúlason, Kristján Kristjánsson, Þórður Hall, Jón Örn Ásbjörnsson, Gúsi Guðmann, Haukur Dór og Salome Fannberg.

Við getum verið sammála formanni félagsins FIM, að haustsýningin eigi að rúma „stór verk og víðtækt úrval myndlistar þessarar stundar“, en til þess að svo sé að þessu sinni, vantar verk af margra á þessa haustsýningu. Má þar t.d. nefna málara eins og Svavar Guðnason,

Þorvald Skúlason, Hjörleif Sigurðsson, Karl Kvaran, Veturliða Gunnarsson, Benedikt Gunnarsson, Jóhannes Jóhannesson, Steinþór Sigurðsson, Hrólfur Sigurðsson, Sverri Haraldsson, Jóhann Briem, Erro og Finn Jónsson, svo eitthvað sé nefnt af nöfnum.

Þetta er bent á til þess að vekja athygli á þeirri staðreynd, að frægustu málara okkar virðast einhverja hluta vegna, sniðganga þennan grátmúr íslenskrar myndlistar, haustsýninguna, og meðalmennskan fær óáreið að halda eins konar innanfélagsmót í málverki og myndlistum undir djörfu og velþekktu merki.

Maður getur skilið það, að einn og einn merkilegan málara vanti, en þegar breiðsiban á drekanum snýr annað ár eftir ár, þá veit maður naumast lengur undir hvaða fána er barizt, og haustsýningin 1976 er ekki „víðtækt úrval myndlistar þessarar stundar“, heldur eitthvað annað.

Þá vil ég geta þess, að dálitið er um „gamlar“ myndir, þ.e. myndir, sem áður hafa verið sýndar almenningi. Sumar hafa nú verið „yngdar“ í sýningar-skra af einhverjum orsökum, t.d. myndin af Gylfa Gíslasyni teiknara, hún er sögð máluð 1976, en var samt á sýningu um réttirnar í fyrra. Allmargar myndir aðrar hefur maður séð áður á ýmsum sýningum aftur í tíðinni, og er það í meira lagi torskið hvaða erindi þær eiga nú allt í einu við líðandi stund, myndlist „þessarar stundar“, eða þá ögurstund, sem skiptir sköpum.

Auðvitað eru á haustsýningunni verk eftir menn, sem skipta máli fyrir íslenska myndlist, og það verulega miklu máli, en þetta er þó ekki það úrtak sem við höfðum vonað að fá að sjá.

Myndum fækkað

Sýningarnefnd (12 listamenn, formaður Leifur Breiðfjörð) fer einnig mjög vafasama leið, eða umdeilanlega að þessu sinni.

Eftir hálfgerð vandræði með húsnæði og lausn deilunnar um Kjarvalsstaði, fær sýningarnefndin nú allt húsið undir haustsýninguna, tvo sali, ganga og útsvæði, auk skilrúma. Í stað þess að velja þá leið að sýna sem flest verk, t.d. með því að nota húsið eins og gert var á yfirlitssýningunni, sem haldin var á Þjóðhátíðarárinu 1974, þá er flokkun beitt, og reynt er (að sögn) að gefa betri mynd af einstökum listamönnum með því að hafa fleiri verk eftir hvern þeirra, 5&6 frá hverjum. Þetta hefur þann augljúkost, að sýningin fær betri heildarblæ en ella hefði orðið, en obb-

inn af myndverkum margra manna fer ofan í kjallarann aftur í geymslu. Að mínu mati er nú átt að nota tækifærið og setja upp skilrúmin og hengja á þau myndverk og nota sömu-leiðis ganga og kaffihúsið undir myndlistarverk. Þá hefðu þau getað orðið mun fleiri og FIM hefði fengið tækifæri til þess að kynna víðtækara úrval myndlistar en þarna er gert. Þvívar á sínum tíma haldið fram, að ófélagsbundnir menn, t.d. Reykavíkingar, sem mála án þess að vera í málarafélagi, gætu sent verk sín á samsýningu FIM a.m.k. einu sinni á ári. Þetta átti að réttlæta að starfsemi Kjarvalsstaða gæti orðið skynsamlegt listmat, án þess að rekinn væri hrein einokunarpólitik. Sýningarnefndin hefur ekki skýrt frá því, hversu margir myndlistarmenn sendu verk, aðeins sagt, að 8 manns, sem ekki hafa áður sýnt með félaginu, væru nú með, og að 13 utanfélagsmenn væru með verk, en 35 félagsmenn. Verður það að teljast mjög sanngjarnt hlutfall, og hefur ekki á sér einokunarbla.

Myndirnar á sýningunni

En víkjum nú ögn að myndunum.

Agúst F. Petersensýnir fimm verk og eru mjög í þeim anda, sem verið hefur. Baldur Edwins (1918) á eina mynd, sem vakið hefur verulega athygli. Þessi mynd er sögð frá 1976, en mér er sagt, að málari hafi fyrir þrem áratugum „málað svona“ og þótt vondur málari. Núna er þetta í takt við tímann og vekur myndin mikla athygli. Gaman væri að fá að sjá fleiri myndir eftir hann.

Björg Þorsteinsdóttir er með gríðarstóra myndþrennu, 146x362, er hún nefnir „Gjald-eýrslýfi“. Bragðdauf og kraftlaus með öllu, þrátt fyrir stærðina.

Bragi Asgeirsson rær á dökkumíðum, en myndir hans eru sem fyrr mjög athyglisverðar og sterkar.

Eiríkur Smith er með vatns-litamyndir, sem voru á einkasýningu hans í sama húsi fyrir nokkrum mánuðum.

Elias B. Halldórsson er með eina í svipubum anda og kom fram í seinustu sýningu hans. Gísli Guðmann Jónsson er með fallega gerðar pastel myndir, en þyrfti að reyna að skapa sér persónulegri stíl.

Hafsteinn Austmann er við það sama

Haukur Dór Sturluson er með sex myndir og auk þess leirmynd. Öllumyndir hans eru ekki mjög persónulegar fyrir hann sjálfan, en tússmyndirnar

á hinn bóginn athygli verðar.

Hörður Agústsson er með sex myndkrili, hálfgerð frimerki, en mjög skemmtilegar. Gott dæmi um það hvaða árangri hefði verið unnt að ná með því að notfæra sér meira skilrúmin.

Jóhannes Geir er með fjórar olumyndir og er gleðilegt að vita til þess, að hann er nú aftur byrjaður að ná tökum á olumálverki eftir áralanga vinnu í pastel.

Kjartan Guðjónsson er með þrjár vel byggðar myndir, nokkuð „súrar“ í lit. Hann þyrfti að snúa aftur í birtuna.

Kristján Davíðsson er glossalegur. Stóra myndin er ekki í hópi beztu verka málaraans, en hinar eru betri.

Magnús Kjartansson, Sigurður Örlýgsson og Ómar Skúlason eru með það, sem þeir nefna blandaða tækni. Þetta eru skemmtilegar myndir í hæfilegri fjarlægð.

Gáski þeirra félaga setur að visu fjórlegan blæ á sýninguna, en maður er þó til efs, að myndir þeirra varðveitist óskemmdar nema fáeina mánuði. Ég hef t.d. séð hvernig gömul blöð fara í ljósi. Ef til vill ættu svona myndir að vera undir gleri, ef þeim er ætlað líf.

Það hafa sagt mér sérfróðir menn, að íslenskir myndlistarmenn séu ekki allir nógu gætnir í efni meðferð. Tugir mynda Gunnlaugs Schevings munu liggja undir skemmdum, því unnið var með vondu efni, og það sama er að segja um myndir Jóns Stefánssonar og fl. Þær þola bókstaflega ekki venjulegan geymslustað, þ.e. að hanga á vegg, og stórum fjárhæðum verður að verja til þess að reyna að bjarga þeim frá því að springa og molna í sundur.

Ég sá eina mynd eftir einn þeirra félaga á dögnum, sem var mjög illa farin eftir aðeins fáeina mánuði. Sem sagt, þeir verða, allra hluta vegna, að finna sér útrás í varanlegra efni. Erlendis standa menn frammi fyrir svipubum vanda-málum.

Margrét Þ. Jóelsdóttir og Stephen Fairbairneru með blíðlynd, sérstæð verk.

Maria H. Ólafsdóttir sýnir tvær myndir frá 1974. Hafa þær verið á sýningu áður og veita því ekki viðbótarupplýsingar um þennan ágata málara.


Matthea Jónsdóttir sýnir „Hitabylgju“, sem sver sig í átt við fyrri myndir, nema liturinn er heitari.

Kristján Kristjánsson sýnir þrjár poppmýndir, sem eru óvenju vel gerðar frá sjónarmiði formfræðinnar.


Þessi myndgerð er orðin dálítið þreytandi að visu, en þessar þrjár litlu myndir eru í sér-flokki.



Olumálverk eftir Kjartan Guðjónsson



Örlýgur Sigurðsson á þrjár myndir á sýningunni, einskonar „lausavísur“ úr ferðalögum málaraans.



Kísilgúr, ollumálverk eftir Jóhannes Geir

Eyborg Guðmundsdóttir vinnur í plastgler, eða Plexigler. Þetta eru hvasslínmyndir, ekkert sérstaklega frumlegar í sjálfa sér, en þær auka þó fjölbreytnina á samsýningunni.

Gunnar Örn Gunnarsson vinnur í svipuðum anda og áður, en einhvern veginn er minni kraftur í myndum hans nú, og verður hann að teljast langt frá sínu besta, eins og stundum er sagt um íþróttamenn.

Ragnheiður Jónsdóttir Ream er með þrjár myndir.

Stóra myndin hefur verið listakonunni ofviða, en myndin næst veggnum er skínandi góð.

Sigurður Sigurðsson er með fjórar ágætir myndir, en fjöru-myndin er þó best.

Sveinn Björnsson er hroðalegur, en það er samt afl í mynd hans, sem gerir hann sérstæðan.

Valtýr Pétursson er með tvær myndir, sem eru dæmigerðar fyrir list hans, sem nú stendur á tímamótum. Traustlega byggðar myndir og góðar í lit.

Þóroddur Haller með sex myndir. Hann er maður vandvirkni og tækni.

Órlygur Sigurðsson sýnir þrjár litlar myndir, leikandi léttar, málaðar á staðnum á góðri stund.

Verk af þessu tagi eru laus við ýmis andþrængslis yfirlegunnar, minna á lausavísir af betra taginu.

Vefnaður Asgerðar Búadóttur er listfengur og traustur í senn, og hrosshárin gefa myndvefnaði hennar líf og sögu.

Leifur Breiðfjörð sýnir þarna fjórar glermyndir, og má segja að þær séu eins konar hápunktur þessarar sýningar.

Þessar myndir eru misstórar, stærst er Stjarnsköpun, sem er tveir metrar í þvermál, en „Upplausn“ er minnst, 53x53 cm. Hinar eru þar á milli. Mun ég ekki fjalla nánar um þessar myndir hér, heldur reyna að geta um þær sérstaklega síðar, ef tækifæri gefst.

Af höggmyndum er það að segja, að þarna sýna fjórir myndhöggvarar einn leikera-smiður og einn málari höggmyndir, þar eð ég tel mynd Eyborgar Guðmundsdóttur í anddyri höggmynd.

Frumdrög Ragnars Kjartans sonarvefja kannske ekki mikla athygli inni í skáp, en persónulegur stíll Ragnars og formgáfa bregst ekki.

Eg sá í sumar hina tilkomu-miklu mynd hans á Ísafirði, sem er minnisvarði sjómanna þar vestra, og á því auðvelt með að stækka „frumdrög“ hans í huganum vegna þess.

Myndir Sigurjóns Ólafssonar eru heillandi skáldskapur, en stóra plastformið skilst ekki til fulls. Því þyrftu að fylgja einhverjar skýringar.

„Smábarn“ Þorbjargar Pálsdóttur er í svipuðum anda og við eigum að venjast.

Um myndir Hallsteins Sigurðssonar er það að segja, að gólfmyndir hans segja manni ekki neitt, en litlu myndirnar eru ekki eins vondar. Þessi dugmikli maður þarf nú að nota allflítt til nýrra átaka.

Eru Kjarvalsstaðir enn í banni?

Það nýmæli er nú tekið upp, að söngflokkur er kvaddur til Kjarvalsstaða á haustsýningu FIM og einnig verða sýndar kvikmyndir af ýmsum leiðtogum í myndlist. Þetta er mjög vel til fundið. Það er söngflokkurinn „Hljómeyki“, sem sönginn annast.

Ef reynt er að draga saman árangurinn af Haustsýningu FIM 1976, held ég, að okkur hafi verið boðið upp á ágæta sýningu, en þó ekki að sjá „viðtækt úrval myndlistar þessarar stundar“ eins og hinn ágæti formaður FIM, Hjörleifur Sigurðsson orðar það.

Með samningi, sem Thor Vilhjálmsson og frændi hans Ólafur B. Thors beittu sér fyrir, komust á sættir í deilu myndlistarmanna og borgarinnar. Listamenn (FIM) afléttu banni á Kjarvalsstöðum og tóku að sér að sjá um listrænu hliðina. Auk þess var ráðinn listfræðingur að Kjarvalsstöðum, sem var mjög tímabær ráðstöfun.


Reykjavíkurborg hefur staðið við samningana, en því miður þá virðast Kjarvalsstaðir enn vera í einhverju banni. Það sýnir dræm þátttaka í haustsýningunni 1976.

Nokkrir af kunnustu málurum þjóðarinnar munu innan skamms opnna Septembersýningu í Norræna húsinu eins og í fyrra. Tveir þeirra, þ.e. Kristján Davíðsson og Valtýr Pétursson, senda þó myndir á samsýninguna, en hinir gera það ekki.

Auðvitað er öllum það ljóst, að stjórn FIM getur ekki neytt menn til þess að senda verk sín til Kjarvalsstaða á sýningar, en ég tel þó, að um það hafi verið samið, a.m.k. að einhverju leyti, og nú standi dálítið upp á efndirnar.

FIM og listamenn verða að gera sér grein fyrir því, að fari svo í framtíðinni, að beztu myndlistarmenn okkar sníðganga haustsýninguna, — unglinginn í skóginum — ár eftir ár, þá er þetta skemmtilega tjaningarform aðeins svipur hjá sjón og tilgangurinn breytist til muna.

Jónas Guðmundsson.



Sú mynd er hvað mesta athygli hefur varkið á Haustsýningunni er „Svalir í Madrid“ eftir Baldur Edwins. Aðeins ein mynd er eftir þennan listamann, en gaman hefði þó verið að sjá fleiri.

REGINN HF. OG FRAMKVÆMDIR FYRIR VARNARLIÐIÐ

Í SÍÐASTA blaði Sambandsfrétta, fréttabréfi Sambands Íslenskra samvinnufélaga, er rækileg greinargerð um hlutfélagið Reginn og starfsemi þess. Er þessi greinargerð samin að gefnu tilefni. Þegar staðreyndirnar eru lagðar á borðið, geta menn sjálfir glöggvað sig á því, hvað um er að ræða.

Þess gætir af og til, að því sé haldið fram á opinberum vettvangi, að Sambandið njóti verulegs gróða af viðskiptum við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Er einkum nefnt í því sambandi hlutfélagið Reginn, sem Sambandið á, svo og fyrirtækin Íslenskir aðalverktakar og Sameinaðir verktakar, sem Reginn hf. á hlut að. Af þessum sökum öfluðum við okkur nokkurra nánari upplýsinga um þessi mál, sem fara hér á eftir.

Fyrirtækið Reginn hf. var stofnað þegar árið 1944, en atvinnurekstur hafði það með höndum á árunum 1953-57. Markmið þess á þeim árum var að annast byggingaframkvæmdir, fyrst og fremst fyrir innlenda aðila. Á næstu árum þar á undan hafði Sambandið haldið út á margar nýjar brautir í atvinnurekstri sínum, og eins og kunnugt er var þá valið sú leið með margar af þessum nýju greinum að hafa rekstur þeirra í sjálfstæðu formi. Þannig var farið að í þessu tilviki og húsbýggingastarfinum fálín þessu félagi, í stað þess að reka hana t.d. í formi sérstakrar húsbýggingadeildar innan Sambandsins. Önnur starfsemi innan Sambandsins, skyld þessari, er hins vegar Teiknistofa þess, sem var til komin um þetta leyti og hefur jafnan verið rekin sem deild í Sambandinu.

Reginn hf. gerði tilraun til að innleiða hér á landi nýjung í byggingu einingahúsa, svonefnda höggsteypuaðferð, sem flutt var inn frá Hollandi. Reisti fyrirtækið nokkur slík hús viðs vegar um

land, m.a. fyrir varnarliðið, sem þá var nýkomið til Keflavíkurflugvallar. Einnig fékkst fyrirtækið við aðrar byggingar, og var annað meginverkefni þess að reisa votheysturna með skriðmótum fyrir bændur, og reisti það marga slíka turna víða um land. Þá kom það einnig við framleiðslu á steypurörum og leigði út vinnuvélar. Loks keypti Reginn hf. Trésmiðjuna Silfurtún í Garðahreppi, sem rekin var um langt skeið, og ýmsar fleiri eignir eignabist fyrirtækið.

Um þetta leyti hagaði svo til, að bandarískt fyrirtæki, Hamilton-félagið, hafði með höndum allar verklegar framkvæmdir fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Reyndist sá háttur ótækur með öllu, og var þetta fyrirtæki orðið hér illræmt í meira lagi fyrir endalaus árekstra við Íslenska starfsmenn sína og innlend stéttarfélag. Árið 1954 náðist svo samkomulag við varnarliðið að forgöngu Íslenskra stjórnvalda um það, að Hamilton-félagið skyldi hætta hér störfum, en Íslenskir verktakar annast framkvæmdir fyrir varnarliðið. Upp úr því var stofnað fyrirtækið Íslenskir aðalverktakar, sem síðan hefur annast þessar framkvæmdir. Stofnendur þess, auk hins opinbera, voru einkum aðilar, sem þegar höfðu aflað sér reynslu og verkunnáttu í sambandi við framkvæmdir á vegum varnarliðsins, m.a. sem undirverktakar fyrir Hamilton-félagið.

Af hálfu forsvarsmanna samvinnuhreyfingarinnar á þessum tíma mun hafa verið litið svo á, að stofnun fyrirtækisins Íslenskir aðalverktakar væri forsenda þess, að þessa starfsemi væri unnt að flytja úr höndum erlendra aðila og inn í landið. Jafnframt væri hér um að ræða samtök stofnuð á breiðum grundvelli í þessu skyni, og því væri ekki óeðlilegt, að samvinnuhreyfingin væri þar aðili, á sama hátt og hið opinbera, í þeim tilgangi að reyna að greiða fyrir farselli frambúðarlausn á þessu viðkvæma máli. Af þeim sökum mun hafa verið

ákveðið, að Reginn hf. gerðist stofnabali að Íslenskum aðalverktökum, og varð hlutdeild hans í fyrirtækinu einn fjórði. Jafnframt gerðist Reginn hf. stofnabali að einum niunda hluta að fyrirtækinu Sameinaðir verktakar, sem aftur gerðist helmings stofnabali að Íslenskum aðalverktökum, Ríkið varð hins vegar stofnabali að þeim fjórðungi, sem þá var eftir. Samband Ísl. samvinnufélaga hefur hins vegar aldrei átt neinn hlut í þessum fyrirtækjum.

Reginn hf. hefur ekki rekið neina starfsemi um árabíl, heldur einungis verið rekið sem eignafélag. Hlutfé þess er 9.750.000 krónur, og um síðustu áramót átti félagið eignir að bókfærðu verðmæti 33 millj. kr. Stærsti liður þeirra eigna eru húseignir félagsins að Goðatúni 2, 4 og 6 í Garðabæ, þar sem Trésmiðjan Silfurtún var áður rekin, og eru þær bókfærðar á fasteignamatsverði, sem er 10,5 millj. kr. Það húsnæði er leigt, og eru stærstu leigutakarnir Sjávarafurbadeild Sambandsins, sem hefur þar fiskumbúðalager sinn, og Garðabær. Þá á félagið stofnfé í Íslenskum aðalverktökum að upphæð 8,5 millj. kr., stofnfé í fyrirtækinu Sameinaðir verktakar að upphæð 1.492.000 kr. og auk þess nokkrar smærri upphæðir í hlutabréfum í ýmsum fyrirtækjum. Þá átti félagið um síðustu áramót um 10 millj. kr. innstæðu á viðskiptareikningi hjá Sambandinu, og nú á það einnig 10 millj. kr. hlutabréf í Arnarflugi hf. Tekjur félagsins eru fyrst og fremst húsaleigutekjur af fasteignum þess. Lengst af var ekki greiddur neinn tekjuafgangur af stofnfénu í Íslenskum aðalverktökum, en síðustu árin hefur það fyrirtæki þó greitt eigendum sínum nokkrar upphæðir. Þannig fékk Reginn hf. greiddan tekjuafgang fyrir árið 1975 að upphæð 12,5 millj. kr., sem mun vera það sama og ríkið fékk í sinn hlut. Aðrar tekjur hefur félagið ekki af framkvæmdum fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, ef undan er skilinn arður frá Sameinuðum verktökum, sem sl. ár nam 119 þús. kr.

NORRÆN PÓSTGÍRÓ- OG PÓSTSPARIBANKARÁÐSTEFNA Í REYKJAVÍK

Dagana 11.-13. ágúst s.l. var haldið í Reykjavík norræn póstsparibanka- og póstgíróráðstefna en slíkar ráðstefnur eru haldnar til skiptis á Norðurlöndunum. Þessi ráðstefna, sem var sú 13. í röðinni, var nú haldið hér á landi í fyrsta skipti.

Ráðstefnuna sóttu yfirmenn póstsparibanka- og póstgíróstofnana frá öllum Norðurlöndunum

og þeirra nánustu aðstoðarmenn og voru þátttakendur alls 22. Á fundinum var m.a. rætt um starfsemi þessara stofnana á síðasta starfsári, en bæði póstbanka- og póstgíróviðskipti hafa vaxið mjög mikið hin síðustu ár. Þá flutti Gösta Hultin forstjóri hjá póststjórninni í Svíþjóð erindi er hann nefndi „Bankapjónusta á pósthúsum — reynsla og framtíðarhorfur“ og urðu um það miklar

umræður.

Á sama tíma og fundur þessi var haldinn var undirritaður samningur milli Ísl. póststjórnarinnar og Póstbankans í Finnlandi um útborganir úr finnskum póstsparibankabókum á pósthúsum hér á landi. Hliðstæðir samningar hafa verið í gildi við Svíþjóð og Noreg mörg undanfarin ár.

(Frétt frá póst- og simamálastjórninni.)



Þátttakendur á norrænu póstgíró- og póstsparibankaráðstefnunni í Reykjavík, á tröppum Norræna hússins.